

Miðvikudaginn 21. október 1970.

Nr. 179/1970. **Snæbjörn Kaldalóns**
 gegn
Þóru Brynjólfsdóttur.

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.**

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. september 1970, sem barst Hæstarétti 6. október s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Hann fékk vitneskju um frávísunardóminn hinn 17. september 1970. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir háraðsdómara að dæma málið að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki horizt greinargerðir né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1970.

Mál þetta er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 13. marz 1969. Stefnandi málsins er Snæbjörn Kaldalóns, Reykjavík, en stefndi Þóra Brynjólfsdóttir, Skeiðarvogi 85, Reykjavík. Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 48.623.50 með 12% ársvöxtum af kr. 22.620.50 frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og

7% ársvöxtum af kr. 26.003.34 frá 13. apríl 1967 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest 20. marz 1969. Fékk þá stefndi frest til skila á greinargerð allt til 30. október 1969, að greinargerð hennar var lögð fram. Var málinu síðan frestað um óákveðinn tíma til frekari gagnaöflunar. Er mál þetta var tekið fyrir til sáttaumleitana fyrir dómi að beiðni beggja lögmanna þann 16. júní s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda og engin forföll boðuð af hennar hálfu, og var þá af hálfu stefnanda krafizt dómtöku málsins.

Í greinargerð sinni hefur stefndi aðallega krafizt sýknu í málinu og að henni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að hún verði sýknuð gegn afhendingu í réttinum á skuldabréfi að fjárhæð kr. 26.003.34 og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í stefnu og greinargerð lýsir stefnandi málavöxtum svo, að aðiljar málsins hafi verið hjón, en hafi skilið í janúar 1966. Af stefnukröfunni séu kr. 26.003.34, sem stefnda hafi borið að greiða stefnanda samkvæmt skiptasamningi og mati matsmanna, sem aðiljar málsins hafi tilnefnt. Eftirstöðvar dómkröfunnar, kr. 22.620.50, sé helmingur gjalda, sem lögð hafi verið á stefnanda af tekjum ársins 1966 og stefnandi telur stefnda eiga að greiða, en dráttarvextir af sköttum séu 12% á ári.

Í greinargerð stefnanda er málavöxtum nánar lýst þannig, að hinn 14. janúar 1966 hafi hjónin, aðiljar málsins, fengið útgefið leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng og síðar hafi verið gefið út lögskilnaðarleyfi, en bæði þessi skjöl séu lögð fram í málinu. Skipti á hjúskapareign hjónanna hafi farið fram með samningum milli þeirra með aðstoð lögfræðinganna Áka Jakobssonar og Sigurðar Ólasonar. Í sambandi við skiptin hafi verið gerður skiptasamningur milli hjónanna. Í þeim samningi séu upptaldar eignir búsins og ákveðið, hvort hjónanna tæki hverja eign. Eignirnar séu í samningnum uppfærðar á ákveðnu verði, sem hjónin hafi verið sammála um, og sé því með skiptasamningnum gert út um þau atriði, en nokkurn tíma hafi tekið að ná því samkomulagi.

Samkvæmt skiptasamningnum fái konan kr. 13.000.00 meira en maðurinn, en auk þess hafi þá verið óuppgerðir ýmsir reikningar og greiðslur, sem fram hafi farið í sambandi við byggingu íbúðar að Sæviðarsundi 42 í Reykjavík, en sú eign hafi átt að falla til mannsins. Hafi orðið nokkurt þref út af þessu, en því

hafi lokið svo, að lögmennirnir hafi fengið hjónin inn á, að gert yrði samkomulag um, að gerðardómur yrði látinn fjalla um uppgjör á þessum skuldum og greiðslum. Samkomulagið um gerðardóminn sé undirritað af lögmönnum hjónanna og sé lagt fram í málinu. Gerðardómsmennirnir, þeir Valdimar Guðnason endurskoðandi fyrir stefnanda, en Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri fyrir stefnda, hafi lokið gerð sinni þann 13. apríl 1967 og sé gerðardómurinn lagður fram í málinu. Aðiljar þessa máls hafi orðið sammála um að sætta sig við gerðardóminn og skuli því niðurstaða hans lögð til grundvallar á uppgjöri á félagsbúi þeirra hjóna.

Þá segir í greinargerð stefnanda, að niðurstaða gerðardómsins hafi orðið sú, að hallað hafi á stefnanda um kr. 52.007.17, og til þess að rétta þann mismun beri konunni að greiða manninum kr. 26.003.34. Í skiptasamningnum, dskj. nr. 6, sé ákveðið, að konan skuli gefa úr skuldabréf, er greiðist innan 3ja ára, sem eigi að þýða, að það skuli greitt á 3 árum (sic í greinargerð stefnanda). Stefndi hafi hins vegar hvorki gefið út skuldabréf né greitt nokkuð af þessari upphæð til stefnanda. Eftir atvikum hafi þótt rétt að miða vaxtakröfu við útgáfudag gerðardómsins hinn 13. apríl 1967 og gera kröfu um 7% ársvexti, en í skiptasamningnum sé ekki getið vaxtahæðar.

Þá segir og í greinargerð stefnanda, að í skiptasamningnum (dskj. nr. 6) sé þess getið, að ágreiningur sé með hjónunum um gildi kaupmála frá 22. október 1955, en kaupmálinn áskilji konunni húseignina Skeiðarvog 85 sem séreign. Samkvæmt ákvæðum skiptasamningsins hafi ágreiningur þessi verið lagður fyrir bæjarþing Reykjavíkur og sé það mál enn í meðförum réttarins.

Síðan segir svo orðrétt í greinargerð stefnanda:

„Annar þáttur kröfu umbj. m. í þessu máli er sá, að hann telur, að fyrrverandi eiginkona hans, stefnda í máli þessu, eigi að greiða ½ skatta þeirra, sem á þau hjónin voru lagðir árið 1966, af tekjum ársins 1965. Svo sem réttarskjal nr. 5 ber með sér, fengu þau skilnað að borði og sæng þann 14. jan. 1966, en skattar voru að sjálfsögðu ekki á lagðir fyrr en um sumarið 1966. Á dómsskjali nr. 11 upplýsir Gjaldheimtan í Reykjavík, að á þau hafi verið lagt árið 1966 kr. 39.473.00 við aðalálagninguna, en þann 21. jan. 1967 hafi verið bætt við þau sköttum að upphæð kr. 5.768.00, eða skattar samtals þá kr. 45.241.00. Hefur stefnandi farið fram á það við Gjaldheimtuna, að hún innheimti ½ þessara skatta hjá stefndu, sbr. dskj. nr. 8 og 9, en Gjald-

heimtan hefur með bréfi, dags. 11. febr. s.l., neitað því að sleppa honum við að greiða gjöld þessi, enda hafi konan, stefnda, neitað greiðsluskyldu sinni, segir í bréfinu á dskj. nr. 10. Af þessum sökum hefur umbj. m. fundið sig knúðan til þess að leggja þetta ágreiningsefni fyrir dóm. Helmingur skattanna nemur kr. 22.620.50, eins og greinir í stefnu, og af þessum hluta kröfunnar er krafist 12% ársvaxta, en það eru vanskilavextir, sem gjaldheimtan tekur, og reiknaðir frá 1. janúar 1967, er öll gjöldin voru fallin í gjalddaga. Það skal hér tekið fram, og kemur það raunar greinilega fram í bréfsafritunum á dskj. nr. 8 og 9, að umbj. m. var búinn að greiða helming gjaldanna án viðbótarinnar, en helmingur sá, sem umbj. m. telur, að stefnda eigi að greiða, er ógreiddur, og verður því nú, er ljóst er orðið, að Gjaldheimtan ætlar að innheimta þessi gjöld hjá umbj. m., innheimt með dráttarvöxtum, eða 12% árlega. Ég tel því full rök fyrir því hjá umbj. m. að gera kröfu um 12% ársvexti af þessum hluta dómkröfunnar.

Í máli því, sem nú liggur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur varðandi kaupmála hjónanna, hefur umbj. m. borið fram varakröfu, ef kröfu hans um riftun kaupmálans kynni að verða hafnað af dóminum, en hún fjallar um, að konan endurgreiði honum $\frac{1}{2}$ af því fé, sem bú þeirra hjóna lagði fram til gagngerðrar lagfæringar og endurbóta á húseigninni, sem er séreign konunnar samkvæmt fyrrnefndum kaupmála. Um þessi atriði er ekki fjallað í þessu máli, en ég vildi geta þessa, til þess að ekki skapaðist neinn ruglingur“.

Í greinargerð stefnda er kröfum um vaxtagreiðslur öllum hafnað. Síðan segir svo orðrétt í greinargerð stefnda:

„Skiftasamningurinn á dskj. 6 ásamt með gerðardómnum á dskj. 7 er fullnaðaruppgjör á fjármálum málsaðila. Fyrir niðurstöðufjárhæðinni, kr. 26.003.34, var þegar í stað gert skuldabréf, og tilkynnti ég hv. andst. bæði munnlega og skriflega, sbr. dskj. 14, að það væri tilbúið, en hann neitaði eða færðist undan að taka við því, þar sem hann teldi umbj. sinn eiga meira inni. Bréfið get ég afhent honum þegar í stað hvort heldur utan réttar eða innan, og er alveg óþarft að blanda því á nokkurn hátt inn í málssókn þessa. Síðari hluta stefnukröfunnar er algerlega mótmælt, þar sem gerðardómurinn úrskurðaði endanlega um fjármál þeirra hjónanna, en um skattamálið var einmitt rætt sérstaklega í gerðardómnum, svo sem nú framlögð dskj. 15 og 16 bera með sér. Þess má og geta, að skilnaður þeirra hjóna varð um mitt ár 1965, og hefði þegar af þeirri ástæðu ekki komið til mála, að

umbj. minn tæki á sig neinar greiðslur opinberra gjalda. Beitti stefnandi og þrásetu í íbúð umbj. míns alllangt fram á árið 1966 og hefði sú húsaleiga þá átt að koma til mótreiknings, ef út í slíkt væri farið“.

Eins og áður er getið, féll niður þingsókn af hálfu stefnda í réttarhaldi þann 16. júní s.l. Til þess réttarhalds var boðað á þann hátt, að lögmenn beggja aðilja komu á skrifstofu dómarsins og óskuðu eftir því, að málið yrði tekið fyrir til sáttaumleitana í dómi, áður en réttarhlé hæfist. Ákvað dómariinn þá réttarhald þriðjudaginn 16. júní kl. 2 e. h., og skrifuðu báðir lögmennirnir þann fyrirtektartíma hjá sér. Er ekki var sótt þing af hálfu stefnda og engin forföll boðuð af hennar hálfu, krafðist lögmaður stefnanda dómtöku málsins.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 verður að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Áður en lögmaður stefnanda krafðist dómtöku máls þessa, benti dómari málsins honum á, að nauðsynlegt væri, að a. m. k. aðiljar málsins kæmu fyrir rétt, og skoraði á lögmanninn að hlutast til um, að stefnandi gæfi skýrslu fyrir rétti. Þá benti dómari lögmanninum og á, að nefndir gerðardómsmenn hefðu ekki komið fyrir rétt, en það væri að áliti dómarsins nauðsynlegt, m. a. vegna umsagnar annars þeirra, Brynjólfs Ingólfssonar, á dómsskjali nr. 16, sem er svolhljóðandi: „Að gefnu tilefni er hér með rifjað upp, að þegar ég á árinu 1967 átti sæti í gerðardómi til þess að ákveða fullnaðarskipti milli Þóru Brynjólfsdóttur og Snæbjarnar Kaldalóns, kom m.a. til umræðu, hvort konunni bæri að taka á sig eitthvað af skuldum manns síns. Eins og úrskurður gerðardómsins ber með sér, var það ekki talið.

Reykjavík, 16. september 1969.

Virðingarfyllt,

Brynjólfur Ingólfsson“.

Þá benti dómariinn og á, að hér fyrir dómi væri rekið annað mál milli sömu aðilja, sbr. greinargerð stefnanda, og lét dómariinn í ljós þá skoðun, að eðlilegt hefði verið, að bæði málin fylgdust að til dóms.

Þrátt fyrir ofangreindar ábendingar dómara hélt lögmaðurinn fast við kröfu sína um dómtöku málsins.

Lögmenn aðilja þessa máls urðu í bæjarþingi þann 30. október 1969 sammála um að fá málinu frestað um óákveðinn tíma til frekari gagnasöfnunar. Frá þeim tíma hefur engin gagnaöflun átt sér stað, og ekki lýstu lögmenn því yfir, að gagnaöflun í

málinu væri lokið. Aðiljar málsins hafa ekki komið fyrir dóm, engin vitni hafa verið leidd, og framlögð skjöl hafa ekki verið staðfest fyrir dómi, þar sem það á við. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sinnt áskorunum dómara um þá gagnaöflun, sem að ofan getur.

Með vísan til alls þessa telur dómariinn mál þetta svo vanreifað, að eigi sé unnt að legja á það efnisdóm, eins og það liggur hér fyrir dómi. Af þeim sökum verður ekki hjá því komizt þrátt fyrir útivist af hálfu stefnda að vísa málinu ex officio frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómari í málinu var Björn Þ. Guðmundsson.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. október 1970.

Nr. 182/1970. Ewald Berndsen

gegn

Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Endurrit skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. júní 1970, er Hæstarétti barst 2. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært synjun varnaraðilja um afgreiðslu endurrita úr þingbókum skiptadóms Reykjavíkur og máls-skjala, sem fjalla um skipti á dánarbúum foreldra sóknar-aðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili sæti viðurlög-um samkvæmt niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 57/1962. Þá krefst hann og kr. 200.000.00 skaðabóta úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar.